



Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

fundaði miðvikudaginn 23. júní 2021 kl. 13:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9.

Mætt: Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH, Magnús Árnason forstöðumaður Skíðasvæðanna, Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, Björg Fenger fulltrúi úr Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna,

Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR tók þátt með fjarfundabúnaði.

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri hjá Kópavogsbæ boðaði forföll.

Gestir: Einar Kristján Stefánsson ráðgjafi hjá VSÓ og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Páll Björgvin Guðmundsson setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar sem fór fram hinn 15. júní sl. lögð fram til samþykktar.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.

2. Uppbygging aðstöðuhúss í Bláfjöllum

Staða mála, framhald þeirrar umræðu sem fór fram undir 2. og 3. dagskrárlið fundar verkefnahópsins hinn 15. júní 2021. Magnús Árnason forstöðumaður Skíðasvæðanna kynnir ferli þessa máls, en ekki er talið að umræddar framkvæmdir kalli á breytingar á deiliskipulagi. Þá liggur fyrir kostnaðaráætlun vegna vatnstanks í tengslum við uppsetningu salernis að fjárhæð 7,7 milljónir en á móti lækkar fyrri kostnaðaráætlun um 3 milljónir. ÍTR mun greiða helming þess kostnaðar sem hlýst af vatnstankinum og er umfram áætlun, og Skíðasvæðin hinn helminginn.

Niðurstaða fundar:

Forstöðumanni Skíðasvæðanna í samstarfi við VSÓ falið að sækja um leyfi hjá forsætisráðuneytinu vegna framkvæmdanna þar sem um þjóðlendu/fólkvang er að ræða. Jafnframt þarf að skoða hvort viðbætur við veitukerfi kalli á frekari leyfisveitingar. Forstöðumanni Skíðasvæðanna í samstarfi við VSÓ falið að sækja um framkvæmdaleyfi á grundvelli þeirra teikninga og áætlana sem eru fyrirbyggjandi. Forstöðumanni Skíðasvæðanna með ráðgjöf frá VSÓ er þá falið, í samstarfi við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, að vinna útboðsgögn vegna byggingarinnar og verðfyrirspurn vegna jarðvinnu og lagna. Kostnaðaráætlanir og útboðsgögn verði lögð fyrir verkefnahópinn til samþykktar áður en útboð hefst. Þá verði niðurstöður verðfyrirspurnar kynntar fyrir verkefnahópnum þegar þær liggja fyrir. Þá er ákveðið að verkefnahópurinn fari í vettvangsferð á svæðið til að skoða aðstæður og vettvang fyrirhugaðra framkvæmda. Slík ferð er áætluð hinn 6. ágúst nk. og tilkynnt verður um nánara fyrirkomulag síðar.

3. Samningar við Dobbeldmayr skíðalyftur ehf.

Kominn er á bindandi samningur við Dobbeldmayr, á grundvelli tilboðs sem barst í samkeppnisútboði nr. 14347, sbr. einnig tölvupóst frá Margréti Lilju Gunnarsdóttur innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 22. júní 2021.

Niðurstaða fundar:

Einari Kristjáni Stefánssyni hjá VSÓ falið að setja sig í samband við Dobbeldmayr að höfðu samráði við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

4. Verkefnastjórn og umgjörð

Gengið verði frá samningum í tengslum við verkefnastjórn á næstunni en gert er ráð fyrir því að hún verði í höndum Einars Kristjáns Stefánssonar hjá VSÓ. Þá er endanleg verklýsing í vinnslu, en gert er ráð fyrir því að verkefnastjóri starfi fyrir og í umboði verkefnahópsins og sjái m.a. um upplýsingagjöf um ferli verkefnisins á víðara vettvangi, t.a.m. fyrir stjórn SSH. Stefnt er að því að formgera með skýrum hætti ábyrgð og verkferla hvað þetta varðar.

Niðurstaða fundar:

Drög að samningum/verklýsingu verða send hópnum á næstu dögum. Páli Björgvini Guðmundssyni í samráði við Björgu Fenger falið að vinna endanlega skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð þeirra aðila sem að verkefninu koma.

5. Skálafell – Uppbygging skíðaaðstöðu og samningar um leigu á landi

Mögulegt er að framlengja núgildandi samning við Stardal um fimm ár, eða til ársins 2035. Æskilegt að gera lengri samning með tilliti til þeirrar fjárfestingar sem er fyrirhuguð í Skálafelli á næstu árum. Fundað verður í haust með landeigendum og fulltrúum Reykjavíkurborgar vegna þessa.

Framhald frá umræðu fundar verkefnahópsins hinn 2. júní sl. en þá var forstöðumanni Skíðasvæðanna og innkaupaskrifstofu Reykjavíkur falið að undirbúa markaðskönnun á notuðum skíðalyftum. Skoðun á möguleikum til kaupa á notaðri skíðalyftu stendur enn yfir hjá forstöðumanni í samráði við VSÓ og innkaupaskrifstofu Reykjavíkur en gert er ráð fyrir að fara þurfi í útboð vegna þeirra, og er þá mikilvægt að skilgreina skilyrði og forsendur nákvæmlega í gögnum. Til að auðvelda þá vinnu er lagt til að gerð verði markaðskönnun og stendur undirbúningur hennar nú yfir.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða að forstöðumanni Skíðasvæðanna og VSÓ í samráði við innkaupaskrifstofu Reykjavíkur sé falið að skoða möguleika við kaup á notaðri skíðalyftu samkvæmt framangreindu.

6. Skíðaskálar í Bláfjöllum

Fyrirliggjandi er erindi frá Skíðadeild Fram varðandi úrbætur á bílastæðamálum og aðgengi að skíðaskálanum í Eldborgargili. Lagt fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Málefni skíðaskála í Bláfjöllum verði tekin til frekari heildstæðrar skoðunar nk. haust í samstarfi við samráðsnefnd skíðasvæðanna.

7. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.